

Reykjavík, 30. mars 2000

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. um breytingu á verðbréfalögum (420. mál).

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 23. mars 2000, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, og lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum (420. mál).

Samtökin eru almennt fylgjandi þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu, þó með þeim athugasemdum sem fram koma hér á eftir. Þau fagna sérstaklega ákvæðum 11. gr. en með þeim er loks hrint að fullu leyti í framkvæmd hér á landi ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um samningsbundna skuldajöfnun.

2. gr. Skilgreiningar.

Samtökin hafa farið ítarlega yfir skilgreiningar í 2. gr. frumvarpsins. Í b-lið eru í fyrsta sinn í lögum skilgreind hugtök á tilteknu sviði verðbréfavíðskipta sem er í örum vexti. Því er mikilvægt að vel takist til.

Almennt útboð. Sjá athugasemd við 7. gr. frumvarpsins.

Afleiðusamningur. Lagt er til að síðari hluti fyrri málsliðar orðist svo: „... svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs.“ Hér er lagt til að komma á eftir orðinu „gengis“ falli brott og að í stað hlutabréfa komi verðbréf sem er almennara hugtak.

Framvirkur vaxtasamningur. Lagt er til að „á“ í lok fyrri málsliðar falli brott, enda er því ofaukið. Lagt er til að síðari málsliðurinn orðist svo: „Samningurinn er gerður upp á fyrir fram ákveðnum uppgjörstegi.“ Samningar af þessu tagi eru sjaldnast gerðir upp í lok samningstímans og því er nauðsynlegt að fella þau orð brott úr skilgreiningunni.

Valréttarsamningur. Lagt er til að orðið „(afhendingardagur)“ falli brott úr fyrri málslið. Þegar um gjaldmiðla er að ræða fer afhending þeirra (eignarinnar) fram tveimur dögum eftir að tilkynnt hefur verið hvort valrétturinn verði nýttur (hvort sem það er á tilteknu tímamarki eða innan tiltekins tíma).

Framvirkur samningur. Lagt er til að orðin „í framtíðinni“ falli brott. Er það til samræmis við orðalag annarra skilgreininga.

Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningur. Í orðalagi ákvæðisins kemur fram sá misskilningur að höfuðstólsskipti eigi sér ávallt stað í framtíðinni. Auk þess getur notkun „og/eða“ valdið misskilningi. Samband íslenskra viðskiptabanka og Samband íslenskra sparisjóða hafa gefið út almenna skilmála fyrir framvirk gjaldmiðlaviðskipti og skiptasamninga. Lagt er til notuð verði skilgreiningin á vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningi úr þeim skilmálum: „Afleiðusamningur sem kveður á um að samningsaðilar greiði vexti hvor til annars af tiltekinni viðmiðunarfjárhæð í sama gjaldmiðli eða greiði vexti og höfuðstól hvor til annars hvor í sínum gjaldmiðli á samningstímanum.“

Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga. Hugsanlegt er að misskilja ákvæðið þannig að samningsaðilar verði að eiga tvær eða fleiri kröfur hver á annan. Því er lagt til að orðin „fleiri en eina“ falli brott.

5. gr. Tímabundin undanþága.

Samkvæmt ákvæðinu verður að ráða yfirmenn þeirra starfssviða sem um ræðir úr hópi þeirra sem lokið hafa verðbréfamiðlunarprófi. Fortakslaust ákvæði af þessu tagi er óheppilegt því fjölmargir góðir yfirmenn hafa komið úr hópi þeirra sem ekki hafa lokið prófinu. Því er lagt til að við 1. mgr. 5. gr. bætist eftirfarandi málsliður: „Hafi starfsmennirnir ekki staðist prófið þegar þeir eru ráðnir, skulu þeir standast það í næsta sinn sem það er haldið.“

7. gr. Útboð verðbréfa.

Fram hefur komið sú skoðun að hér á landi vanti reglur um útboð sem ekki teljast til almennra útboða. Með hliðsjón af þessu telja samtökin ástæðu til að nefndin íhugi hvort ekki sé rétt að breyta ákvæðinu þannig að það taki bæði til almennra og lokaðra útboða. Þá er rétt að benda á að í síðari málslið ákvæðisins eru talin upp nokkur atriði sem kveðið skal á um í reglugerð. Meðal þess eru „reglur um fyrsta söludag almennra útboða“. Lagt er til að orðin „reglur um“ falli brott, enda virðist þeim ofaukið.

8. gr. Staðfesting stjórnar á viðskiptum starfsmanna.

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. ber stjórn fyrirtækis að staðfesta viðskipti starfsmanna. Ekki er ljóst hvað í þessu felst og efast er um að ákvæðið þjóni einhverjum tilgangi. Á stjórnin að fara yfir hver einustu viðskipti starfsmanna og vega þau og meta? Hvað ef stjórnin neitar að staðfesta tiltekin viðskipti? Á þá að láta þau ganga til baka? Hvað ef gagnaðilinn neitar? Að mati samtakanna er nægjanlegt að kveða á um að stjórn fyrirtækis fái kerfisbundið upplýsingar um viðskiptin. Það gefur stjórninni færi á að ræða framkvæmd þessara mála og sinna þannig eðlilegu eftirlitshlutverki sínu.

9. gr. Bankaeftirlit verði Fjármálaeftirlit.

Vakin er athygli á því að í stað orðsins „bankaeftirlitið“ á að koma „Fjármálaeftirlitið“.

a-liður 11. gr. Afmörkun ákvæða kaflans.


Í ákvæðinu er lagt til að ákvæði kaflans verði bundin við tilteknar tegundir afleiðusamninga og að síðan geti ráðherra útvíkað gildissvið hans með reglugerð. Afleiðuviðskipti eru í örri þróun og sífellt koma ný afbrigði til sögunnar. Þannig má benda á að nú þegar hafa verið gerðir hér á landi afleiðusamningar með hlutabréf sem myndu ekki falla sjálfkrafa undir ákvæðið heldur þyrfti að biða eftir útgáfu reglugerðar. Með útfærslunni í frumvarpinu eru markaðsaðilar settir í þá stöðu að þurfa að óska eftir því og vona að

viðskiptaráðherra breyti reglugerðinni til samræmis við þróunina. Reyndar hefur það lítið sem ekkert gildi að binda ákvæðið einungis við samninga um vexti og gjaldmiðla því markaðsaðilar geta farið framhjá þeirri takmörkun með því að búa til flóknari samsetningu afleiðusamninga en ella. Auk þess er fremur stigsmunur en eðlismunur á afleiðusamningum um vexti og gjaldmiðla og öðrum afleiðusamningum. Því er óeðlilegt að draga samningana í dilka með þessum hætti. Samtökin leggja því til að ákvæðið nái til allra afleiðusamninga en á móti komi sú takmörkun að annar samningsaðilinn þurfi að vera lánastofnun eða fyrirtæki í verðbréfabjónustu: „Ákvæði þessa kafla taka til afleiðusamninga þar sem annar samningsaðilinn eða báðir eru fyrirtæki í verðbréfabjónustu, viðskiptabanki, sparisjóður eða lánastofnun önnur en viðskiptabanki og sparisjóður“.

13. gr. Gildistaka.

Í ákvæðinu er lagt til að aðlögunarfrestur vegna 5. gr. laganna verði til 1. júlí 2001. Próf í verðbréfamiðlun hefur verið haldið óreglulega fram að þessu, þótt svo virðist sem prófnefnd stefni að því að halda prófið tvisvar á ári (vor og haust). Ljóst er að fjölmargir yfirmenn í verðbréfafyrirtækjum og lánastofnunum þurfa að afla sér þessara réttinda verði frumvarpið að lögum. Því er lagt til að aðlögunarfresturinn verði lengdur til ársloka 2001 þannig að þeim gefist einnig kostur á að þreyta prófið haustið 2001.

Virðingarfyllst,



Finnur Sveinbjörnsson